




Varðar: Vatnsstígur 4, (fsp) rekstur morgunverðarstaðar

Skoðuð er fyrirspurn Leiguíbúða ehf., dags. 16. febrúar 2024, um hvort heimilt væri að reka veitingastað að Vatnsstíg 4 sem sérhæfði sig í morgunmat.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040

Skipulagsleg staða:

Lóðin er á miðborgarsvæði (M1) samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040.

Í gildi deiliskipulag fyrir reit 1.172.1, Frakkastígsreit, samþ. 23.05.2023 með síðari breytingum.

Umsögn:

Í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir verslun og þjónustu á jarðhæð nýbyggingar að Vatnsstíg 4. Skv. AR2040 þá lúta götuhliðar að Vatnsstíg ekki ákvæðum aðalskipulags um götuhliðar.

Niðurstaða:

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við rekstur veitingastaðar að Vatnsstíg 4.

F.h. skipulagsfulltrúans í Reykjavík

Sigríður Maack, arkitekt og verkefnisstjóri.

